

Strandabyggð  
Hafnarbraut 19  
510 Hólmavík



Reykjavík 24. febrúar 2017  
UST201701-154/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Deiliskipulag. Strandabyggð, tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Skeljavíkur**

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Strandabyggðar er barst 9. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Skeljavíkur í Strandabyggð.

**Skipulagssvæðið**


Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er alls 7,5 ha að stærð. Alls eru sýndar 14 lóðir á uppdrætti. Í greinargerð kemur fram að stærð lóða er 1903 m<sup>2</sup> til 3739 m<sup>2</sup>. Umhverfisstofnun tekur undir það að miðað skuli að því að byggðin falli vel að landslagi.

**Fráveita**

Öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur